



Alþingi
Erindi nr. P 131/1844
komudagur 9.5.2005

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Ísafirði, 4. maí 2005
Tilvísun: 2005040062

Efni: Samgöngunefnd Alþingis. - Þingsályktun um samgönguáætlun 2005-2008.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 28. apríl s.l., var svohljóðandi bókun samþykkt við afgreiðslu erindis samgöngunefndar Alþingis, er varðar umsögn Ísafjarðarbæjar um þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.

Umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.

Flugmálaáætlun.

Í flugmálaáætlun er gert ráð fyrir fjármagni til að bæta öryggissvæði flugvallarins á Ísafirði og til lengingar flugvallarins á Þingeyri, sem auk þess verður lagður bundnu slitlagi og sett upp flugbrautaljós. Þessar framkvæmdir munu bæta til muna flugskilyrði til norðanverðra Vestfjarða.

Siglingamálaáætlun.

Samkvæmt nýjum hafnalögum fellur framlag ríkisins til flestra hafna landsins niður í lok ársins 2006. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur að framlengja eigi það sólarlagsákvæði, þar sem aðlögun að slíku er erfið fyrir skuldsettar hafnir, sem hafa orðið að þola í flestum tilfellum tekjusamdrátt vegna minni afla og minni vöruflutninga.

Felldar hafa verið út tvær framkvæmdir í siglingamálaáætlun er varða Hafnir Ísafjarðarbæjar. Þetta eru stálþil eða undirbúningur framkvæmda við stálþil á Suðureyri og Þingeyri. Við setningu nýrra hafnarlaga var skilningur af hálfu Hafna Ísafjarðarbæjar sá að þær fjárveitingar sem þá voru komnar inn á áætlun ættu að standa þar áfram.

Vegáætlun.

Ljóst er að 300 milljónir kr. vantar til viðbótar fyrir árin 2005 og 2006 í nýrri tillögu að samgönguáætlun vegna framkvæmda í Ísafjarðardjúpi, til að staðið sé við áætlun 2003-2006 eins og hún var samþykkt á sínum tíma.


Það virðast orðin hefðbundin vinnubrögð við endurskoðun samgönguáætlunar að skera fyrri tvö árin niður, en vera með meira fjármagn síðari tvö árin, sem aftur eru skorin niður við tveggja ára endurskoðun samgönguáætlunar.

Alkunna er að ástand Djúpvegar frá Bolungarvík að Brú í Hrútafirði er víða slæmt. Stærsti hluti þungaflutninga fer um þjóðvegina í dag og þess vegna eru malarkaflarnir sem effir eru í Ísafjarðardjúpi og á Ströndum því sem næst ónýtir og orðnir flöskuhálsar á leiðinni. Algengt er að þungatakmörkanir séu á þessari leið og þar með verður flutningskostnaður mjög hár. Slæmar samgöngur tefja mjög fyrir uppbyggingu Ísafjarðar sem byggðakjarna fyrir Vestfirði og draga úr samkeppnishæfni atvinnulífsins á svæðinu. Eigi að aka þessa vegi í fjögur til sex ár til viðbótar, hvort sem er um Strandir eða Ísafjarðardjúp, þarf að fara í kostnaðarsamt viðhald á þeim, sem hægt er að draga úr ef fjármagn til stofnvegaframkvæmda verður aukið. Þá er ljóst að vegur um Arnkötuldal er hagkvæmur kostur sem styttr leiðina um rúmar 40 km., bætir nýtingu á Gilsfjarðarbrú og stuðlar að samvinnu og jafnvel sameiningu sveitarfélaga á Ströndum og Reykhólahrepps.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á samgönguráðherra, þingmenn kjördæmisins og samgöngunefnd Alþingis að breyta tillögu að samgönguáætlun á þann veg að brú yfir Mjóafjörð og aðliggjandi vegir verði boðnir út strax í haust. Með þeirri aðgerð styttest vetrarleiðin um rúma 30 km. og leysir af hólmi hættulegan og lélegan veg í Mjóafirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggur á það áherslu við samgöngunefnd Alþingis að nefndin endurskoði upphæð fjármagns til framkvæmda á Djúpvegi.

Virðingarfyllt



Þorleifur Pálsson

- bæjarritari -

Afrit:

Þingmenn norðvesturkjördæmis.